

Umsögn um greinargerðina „[Staðartími á Íslandi – stöðumat og tillögur](#)“

Ég er alfarið á móti því að klukkan verði færð. Hins vegar styð ég leið C þ.e. að klukkan áfram óbreytt en skólar og jafnvel fyrirtæki og stofnanir hefja starfsemi seinna á morgnana.

Í allri umfjöllun er fyrst og fremst verið að horfa til þess að þetta skipti máli fyrir börn og ekki síst unglinga og það kann vel að vera að svo sé og dreg reyndar ekkert í efa rannsóknarniðurstöður um það. Við því má einfaldlega bregðast með því að hefja skólastarf síðar að morgni ekki síst yfir dimmasta tíma vetrarins.

Hins vegar myndi tilfærsla á klukkunni litlu skila til þessa hóps sem einfaldlega myndi þá færa sína líkamsklukkan enn frekar til og vaka lengur. Það hefði aftur á móti veruleg áhrif á vinnandi fullorðið fólk og myndi skerða umtalsvert þann birtutíma sem fólk hefur til að sinna fjölskyldu, útivist og áhugamálum tengt útiveru og hefði þar af leiðandi verulega skerðandi áhrif á heilsufar fólks á vinnumarkaðsaldri. Fólk í vissum atvinnugreinum myndi mun stærri hluta ársins nánast aldrei hafa tækifæri virka daga til að njóta birtu.

Til viðbótar má svo nefna að fyrir aðila sem eiga viðskipti við Evrópulönd þá myndi tilfærsla klukkunnar skerða enn frekar þeirra viðskiptatíma og ætla má að flugfélög myndu þarfa að færa til brottfarartíma frá landinu sem þýddi þá að meiri hluti nætur færi í tíma tengdan ferðalagi frá landinu en nú er.

Ég sé mikið frekar fyrir mér að fyrirtæki og stofnanir taki upp meiri sveigjanleika í vinnutíma og sínum starfstíma að deginum eftir árstíðum, teljist ástæða til þess og ef eitthvað er myndi ég kjósa að verslun og þjónusta í landinu hæfist mun fyrr á morgnana en nú er, í það minnsta yfir bjartasta tímann.

Virðingarfyllt

Jón H. Óskarsson.